



Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat hjá FVA 2022 - 2025

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

VERK- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN FYRIR INNRA MAT HJÁ FVA 2022 - 2025

Viðfangsefni innra mats hjá FVA byggja á framhaldsskólalögum nr. 92/2008. Þar segir í 40. gr. laganna að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skuli vera að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
- auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,

Samkvæmt 41. gr. sömu laga er fjallað nánar um innra mat og segir þar að hver framhaldsskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birta opinberlega upplýsingar um matið, tengsl við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá nánari í reglugerð nr. 700-2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum.

Með reglubundnu innra mati og stöðugum umbótum á grundvelli þess er markvisst hugað að gæðum í skólastarfinu í heild hjá FVA. Tilgangurinn er að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í niðurstöðunum. Á grundvelli þeirra er gripið til aðgerða til að stuðla að umbótum í skólastarfinu.

Byggt á þessu eru eftirfarandi þættir fastir liðir í vinnu við innra mat:

- Kennslukannanir (mat nemenda á kennslu og námsefni);
- Viðhorfskannanir:
 - Mat á líðan nemenda sem og viðhorfi þeirra og forráðamanna til ýmissa þjónustupátta (mötuneyti, bókasafn, aðgengismál o.fl.);
 - Mat á líðan starfsfólks og viðhorfi til þjónustupátta og aðbúnaðar;
- Samtöl (reglubundin starfsmannasamtöl og snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana);
- Stofnun ársins
- Rýni í töluleg gögn og lykiltölur (s.s. gögn úr Innu til að greina aðsókn, gengi í námi, brottfall o.fl.)

Til viðbótar taka nemendur þátt í könnunum sem framkvæmdar eru af öðrum, s.s.: [Skólapúlsinn](#), [Rannsóknir og greining](#) (Ungt fólk) og öðrum könnunum eftir því sem tilefni er til hverju sinni, s.s. Nám og líðan framhaldsskólanema á tímum Covid-19 (SÍF og MMR), framkvæmd vorið 2021. Til að fá breiða sýn á málefni eru rýnihópar (nemendur, starfsfólk og eftir atvikum fulltrúar foreldra eða annarra hagaðila) fengnir að borðinu þegar því er við komið og það á við; mat þeirra er þá nýtt til umbóta. Þá má nefna árlega launagreiningu, úttektir og rýni á grundvelli ÍST 85-2012, gæðastaðals fyrir jafnlaunakerfi en jafnlaunakerfið FVA hlaut vottun á grundvelli staðalsins árið 2020.

Innra mat – rauði þráðurinn	H2022	V2023	H2023	V2024	H2024	V2025
Kennslukönnun – valdir áfangar	nóv.	mars	nóv.	mars	nóv.	mars
Snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana	nóv.	mars	nóv.	mars	nóv.	mars
Viðhorfsk. meðal nemenda		feb.				feb.
Viðhorfsk. meðal fyrrum nemenda		feb		feb		feb
Viðhorfskönnun meðal foreldra		feb		feb		feb
Viðhorfskönnun meðal starfsfólks	nóv				nóv	
Starfsmannasamtöl	sept/nóv	jan/apríl	sept/nóv	jan/apríl	sept/nóv	jan/apríl
Stofnun ársins		nóv		nóv		nóv
Rýnihópar*	x	x	x	x	x	x
Lykiltölur	des	maí	des	maí	des	maí



Gátlisti deildarstjóra/Skýrslur verkefnastj.	des	maí	des	maí	des	maí
Gerð skýrslu um innra mat FVA		maí/júní		maí/júní		maí/júní
Ný áætlun um innra mat unnin		júní		júní		júní
*Rýnihópar starfsfólks, nemenda og annarra hagaðila eftir því sem við verður komið og það á við.						

Framangreint staðfest á fundi skólastjórnenda þann 16.6.2022.

SIÓ/DV

Eldri áætlun:

Innra mat – rauði þráðurinn	H2019	V2020	H2020	V2021	H2021	V2022
Kennslukönnun – valdir áfangar	nóv.	mars	nóv.	mars	nóv.	mars
Viðhorfsk. nemenda, yngri, eldri og fyrrum		feb.	nóv	feb.		feb.
Viðhorfskönnun meðal foreldra			nóv	feb.		feb
Viðhorfskönnun meðal starfsfólks				feb.		
Starfsmannasamtöl	okt	apríl	okt	apríl	okt	apríl
Stofnun ársins		mars		mars		mars
Rýnihópar/skýrslur deildarstj./verkefnastj.						apríl-maí
Lykiltölur		maí		maí		maí
Gerð skýrslu um innra mat FVA		ágúst/sept		ágúst/sept		ágúst/sept
Áætlun endurskoðuð/stjórnendateymi			ágúst		ágúst	
Ný áætlun um innra mat unnin						sept